

20. ágúst 2019
kl. 8.15

Fundargerð Foreldraráðs Fífusala

Erla Stefanía boðaði foreldraráð á fund og var hann fjórði fundur ársins. Fundurinn var settur kl. 8.15.

Mætt voru Sigurlaug, Helgi, Þóra og Jóhanna. Erla Stefanía og Elva voru fyrir hönd leiksskólans.

Erla fór yfir eftirfylgni á úttekt á vegum Mennta og menningarmálaráðuneytið sem er búin að vera í gangi. Um er að ræða jákvæð skref fyrir utan að útisvæðið verður ekki tekið í gegn fyrr en 2021.

Búið er að útbúa sérkennslu stofuna í gámi á lóðinni. Einnig er búið að bæta loftgæðin í leikskólanum en ráðist var í framkvæmdir í sumar.

Erla fór yfir það að hún væri að fara í veikindaleyfi en hún stefnir á að koma til baka í Október.

Ráðningar hafa gangið mjög vel og mikið af fagfólki sem hefur bæst við hópinn.

Heilsubókin er komin rafrænt og er verið að klára skrá öll börnin inn. Börnin fara svo í foreldraviðtöl þegar börnin eiga afmæli.

Deildarstjórar munu fá ákveðin stuðning í vetur með námskeið. Hrefna Hugos sér um námskeiðið en hún verður með viðveru í vetur og verður á starfsdeginum.

Rætt var um aðkomu starfsmanna í útiveru þegar foreldrar koma og sækja börnin en oft virðist vanta meiri upplýsingar frá starfsmönnum gagnvart foreldrum.

Fundi lauk kl. 9.10 og ákveðið að boðað yrði til næsta fundar með tölvupósti.

Fundargerð ritaði Helgi Már Jósépson